

67. stjórnarfundur Þekkingarsetursins Nýheima

6. 4. 2016 kl. 8:15

Fundarstjórn: Þorvarður Árnason

Ritari: Bryndís Björk

Forfölluð: Ragnhildur Jónsdóttir

Gestur: Árdís Erna Halldórsdóttir

Efni:

**1. Ný lög um landsáætlun um innviði – Árdís**

Árdís sagði frá lögum um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, sem samþykkt voru 18. mars síðastliðinn. Lagt er af stað með 3 ára aðgerða áætlun. Verkefnið nær yfir 12 ár. Skila þarf gögnum í júní, þannig að það þarf að vinna hratt, rætt um að stofna starfshóp sem fer yfir þessi mál.

Árdís boðar til fundar.

**2. Hugmynd að breyttu fyrirkomulagið stjórnarfunda ÞN – Eyjólfur**

Hugmynd er um að annar hver fundur yrði opinn þ.e starfsmönnum í húsinu geti tekið þátt. Hinn fundurinn yrði venjulegur stjórnarfundur. Davíð er falið að útfæra hugmyndina í samvinnu við Eyjólf.

**3. Verkefnahópur um endurskoðun Skipulagsskrár NP – Davíð**

Uppfæra þarf skipulagsskrá NP.

Davíð og Eyjólfur stýra þeirri vinnu.

**4. Áhersluverkefni SASS og Uppbyggingasjóður Suðurlands – Davíð**

Komnar eru hugmyndir um verkefni til sóknaráætlunar. Fundur er 12. apríl á Flúðum, nauðsynlegt er að mæta. Davíð og Guðrún Ásdís verða viðstödd fundinn.

**5. Rannsóknardagur Nýheima – Davíð**

Rannsóknardagur Nýheima verður 4. maí og Davíð falið að kalla eftir erindum.

Önnur mál

- Davíð kynnti hugmynd Hjalta Vignissonar frá Skinney-Þinganes með að fá Þekkingarsetrið í heimsókn.
- Kristín minnti á Umhverfisdag Nýheima, 18. apríl næstkomandi. Umhverfishópur Nýheima vinnur að verkefnalista fyrir daginn. Óskar eftir fleiri hugmyndum.

Fundi slitið 9:05

